

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að allar U-beygjur skuli bannaðar á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. september 2003.

Ingimundur Einarsson varalögreglustjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 646/1995 um jöfnun eigna á móti váttryggingaskuld váttryggingafélaga, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. bætist:

Verðbréf útgefin af fjölþjóða þróunarbönkum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar nr. 530/2003 um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, sem eitt eða fleiri aðildarríki sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eru aðilar að.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi með síðari breytingum, sbr. og 3. mgr. 34. gr. sömu laga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. september 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þóra M. Hjaltsted.